

Lögreglustjórinn á Austurlandi

06 317

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Lögglustjórinn á Austurlandi

kt. 680814-0740

Strandgötu 52, 735 Eskifirði

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglan er sú stofnun þjóðfélagsins, sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu. Hlutverk lögreglu er að gæta almannaoýggis og tryggja réttaröryggi; stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstran brota; greiða götu borgaranna og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu.

Starfsemin fellur undir málefna svið 9 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 766,3 milljónir og afkoma kr. 14,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 11,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 174,1 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Austurlandi fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Margrét María Sigurðardóttir
Lögreglustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	719.500.000	581.535.465
Seld þjónusta	3	305.058	537.204
Framlög og ýmsar tekjur	4	24.378.641	3.976.356
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	58
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	22.101.623	17.245.828
Tekjur samtals		766.285.322	603.294.911
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	583.455.643	492.598.620
Annar rekstrarkostnaður	6	146.532.037	129.340.735
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		5.230	1.199
Afskriftir og niðurfærslur	7	22.101.623	17.245.828
Gjöld samtals		752.094.533	639.186.382
Afkoma ársins		14.190.789	(35.891.471)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé	8	3.836.309	1.953.566
Viðskiptakröfur		36.000	17.286
Tengdir aðilar	9	48.263.416	45.649.419
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	36.000
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	121.919.875	111.878.499
Eignir samtals		<u>174.055.600</u>	<u>159.534.770</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	18.990.491	25.688.927
Viðskiptaskuldir		17.598.445	5.926.861
Ýmsar skammtímaskuldir	11	45.487.005	43.792.489
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	80.750.019	87.087.642
Skuldir samtals		<u>162.825.960</u>	<u>162.495.919</u>
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		11.229.640	(2.961.149)
Eigið fé			
Hrein eign	13	11.229.640	(2.961.149)
Eigið fé samtals		<u>11.229.640</u>	<u>(2.961.149)</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>174.055.600</u>	<u>159.534.770</u>
Aðrar upplýsingar			
	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		14.190.789	(35.891.471)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	22.101.623	17.245.828
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(22.101.623)	(17.245.828)
		<u>14.190.789</u>	<u>(35.891.471)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		17.286	160.723
Tengdir aðilar		(25.691.432)	40.909.031
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		13.366.100	(5.918.770)
		<u>(12.308.046)</u>	<u>35.150.984</u>
		<u>1.882.743</u>	<u>(740.487)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(32.142.999)	(48.104.377)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		364.000	0
		<u>(31.778.999)</u>	<u>(48.104.377)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		16.378.999	18.104.377
Fjárfestingarframlag		15.400.000	30.000.000
		<u>31.778.999</u>	<u>48.104.377</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		1.882.743	(740.487)
		<u>1.953.566</u>	<u>2.694.053</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>3.836.309</u>	<u>1.953.566</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	609.400.000	15.400.000	624.800.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjárukalögum	609.400.000	15.400.000	624.800.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda			
Launabætur	33.400.000		33.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	76.700.000		76.700.000
Fjárveiting ársins	719.500.000	15.400.000	734.900.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	(2.961.149)	(24.790.857)	(27.752.006)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	716.538.851	(9.390.857)	707.147.994
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(705.309.211)	(31.778.999)	(737.088.210)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	11.229.640	(41.169.856)	(29.940.216)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluverði og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2023	2022
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	719.500.000	581.535.465
Tekjufærsla frestaðra tekna	22.101.623	17.245.828
	<u>741.601.623</u>	<u>598.781.293</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	609.400.000	0	0	609.400.000
Launabætur	33.400.000	0	0	33.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	76.700.000	0	0	76.700.000
Fjárveiting til tekna	719.500.000	0	0	719.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(705.309.211)	0	0	(705.309.211)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	14.190.789	0	0	14.190.789

	2023	2022
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	305.058	537.204
	<u>305.058</u>	<u>537.204</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	243.268	214.191
Ýmsar tekjur	24.135.373	3.762.165
	<u>24.378.641</u>	<u>3.976.356</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	471.816.931	402.235.996
Orlof, breyting	1.202.216	(6.648.496)
Launatengd gjöld	107.460.737	91.604.381
Starfsmannakostnaður	2.975.759	5.406.739
	<u>583.455.643</u>	<u>492.598.620</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	34,9	31,7

Skýringar

	2023	2022
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	549.549	594.695
Byggingarvörur, almennar	36.200	13.572
Byggingarvörur, aðrar	184.436	279.561
Ýmis tæki og áhöld	4.346.386	4.309.114
Varahlutir og viðhaldsvörur	1.363.498	360.743
Orkugjafar	14.654.272	12.605.574
Matvæli	6.058.126	4.567.246
Almennar rekstrarvörur	12.605.485	5.127.093
Vörukaup, almenn	39.797.952	27.857.598
Rannsóknarstofuefni	423.600	801.536
Ýmsar sérgreindar vörur	181.737	20.571
Vörukaup, sérgreind	605.337	822.107
Fundir, námskeið, risna	576.743	451.735
Ferðir, uppihald	12.410.645	6.431.475
Akstur	2.483.616	1.851.260
Sérfræðiþjónusta	10.152.990	7.536.173
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	91.643	37.786
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	213.483	115.536
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.807.065	1.546.489
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	27.736.185	17.970.454
Samningsbundin kaup og leiga	3.708.439	9.485.373
Afnotagjöld	6.732.916	5.406.720
Leigugjöld	32.188.125	29.542.871
Notkun véla og flutningatækja	580.056	459.734
Verkkaup	18.407.340	11.786.443
Kostnaðarhlutdeild	17.519.336	22.479.545
Tryggingar, lögboðnar	3.810.488	3.132.227
Opinber gjöld	572.550	385.223
Tilfærslur	19.920	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	83.539.170	82.678.136
Vörukaup	0	12.440
Vörur til endursölu og birgðabreyting	0	12.440
Hlutdeild annarra í kostnaði	(5.146.607)	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	146.532.037	129.340.735
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	6.644.124	5.809.454
Farartæki og vélar	15.407.683	10.072.220
Sölutap og úreltar eignir	49.816	1.364.154
	22.101.623	17.245.828

Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
8 Handbært fé		
Tékkareikningar	3.836.309	1.953.566
	<u>3.836.309</u>	<u>1.953.566</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 0 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

	31.12.2023	31.12.2022
9 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	45.383.485	45.246.096
Aðrir ríkisaðilar	2.879.931	403.323
	<u>48.263.416</u>	<u>45.649.419</u>

<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	18.990.491	25.688.927
	<u>18.990.491</u>	<u>25.688.927</u>

10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	36.274.831	38.483.101
Farartæki og vélar	85.645.044	73.395.398
	<u>121.919.875</u>	<u>111.878.499</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 01.01.2023	54.687.483	129.147.179	183.834.662
Viðbætur á árinu	4.485.670	27.657.329	32.142.999
Selt/úrelt á árinu	(53.078)	(6.029.373)	(6.082.451)
	<u>59.120.075</u>	<u>150.775.135</u>	<u>209.895.210</u>
Afskriftir 01.01.2023	16.204.382	55.751.781	71.956.163
Afskrift ársins	6.644.124	15.407.683	22.051.807
Selt/úrelt á árinu	(3.262)	(6.029.373)	(6.032.635)
	<u>22.845.244</u>	<u>65.130.091</u>	<u>87.975.335</u>
Staða 31.12.2023	<u>36.274.831</u>	<u>85.645.044</u>	<u>121.919.875</u>

	31.12.2023	31.12.2022
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	44.994.705	43.792.489
Önnur ógreidd gjöld	492.300	0
	<u>45.487.005</u>	<u>43.792.489</u>

Skýringar

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	121.919.875	111.878.499
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	(41.169.856)	(24.790.857)
	<u>80.750.019</u>	<u>87.087.642</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023	111.878.499	(24.790.857)	87.087.642
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	15.400.000	15.400.000
Áhrif seldra eigna	0	364.000	364.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	32.142.999	(32.142.999)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(22.101.623)	0	(22.101.623)
	<u>121.919.875</u>	<u>(41.169.856)</u>	<u>80.750.019</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 21,8 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(2.961.149)	47.052.278
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(14.121.956)
Afkoma ársins	14.190.789	(35.891.471)
Jöfnuður 31.12.	<u>11.229.640</u>	<u>(2.961.149)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 34,1 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 5,4 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.